

Takið frá laugardaginn 8. september

Sumarhátíð hverfisins



**LEIKIR OG
KEPPNI FYRIR
BÖRNIN**



**GÖTUGRILL -
MÆTUM MEÐ
MAT OG DRYKK**



**STÓRT VEISLU-
TJALD Í BAUGA-
NESINU MIÐJU**



**SÖNGUR
OG GLEÐI**



Annar af hápunktum ársins í félagslífi
Skerjafjarðar er hin **árlega SUMARHÁTÍÐ!**

Að þessu sinni verður hátíðin haldin í miðju
hverfisins; í **Bauganesinu** á milli leikskólans
Skerjagarðs Bauganesi 13 og opna leiksvæðisins

Þar rís **veglegt veislutjald** fyrir gesti svo hátíðin
er ekki háð duttlungum í veðri

Hátíðin hefst með **Skerjavershátíð barnanna** kl.
16:00 þar sem boðið verður upp á leiki og keppni.
Hoppikastalar og leiktæki og Skerjagarður opnar
garðinn fyrir þau yngstu. Endað með pylsuveislu.

Síðdegis, eða kl. **17:30**, verður kynt upp fyrir
götugrill hverfisbúa. **Prýðifélagið Skjöldur** og
Skerjaver leggja til **meðlæti**, pylsur, brauð og
drykki fyrir börnin auk matar- og drykkjaráhalda
en hver og einn leggur til **sinn grillmat og drykki**

Þar sem við höldum hátíðina í sameiningu er vel
þegið að þeir sem **eiga stór útigrill, garðstóla og**
ferköntuð garðborð sem raða má saman í langborð
hafi samband við **Margréti (mg@blind.is)** eða
Eggert (s. 8581011, eggert100@hotmail.com) sem
fyrst eða komi með hlutina á hátíðarsvæðið fyrir
kl. 15:30 á hátíðardaginn

Sjálfbóðaliðar við uppsetningu og frágang eru
velkomnir enda góð leið við efla samheldnina

Enginn aðgangseyrir, engin skráning -
allt sem þarf er matarbiti á grillið, drykkjarlögg
og vilji til að gleðjast með góðum grönnum

HELSTU STYRKJARADILAR SUMARHÁTÍÐAR SKERFIRÐINGA 2007:

